



ENDURSKOÐUN

**Eymundur Sveinn
Einarsson**

lögiltur endurskoðandi hjá
Endurskoðun og ráðgjöf

„Allt sem er ekki bannað, má“ – hugleiðingar um virðisaukaskatt



Félag lögiltra endurskoðenda

En vara og þjónusta getur með réttu borið virðisaukaskatt á einum stað meðan sama vara og/eða þjónusta er seld án virðisaukaskatts á öðrum stað.

Núverandi virðisaukaskattkerfi er flókið og getur verið erfitt í framkvæmd. Í hugum flestra eru virðisaukaþrepin tvö – en í raun eru þau fjögur, almenna þrepið 25,5%, lægra þrepið 7%, undanþegin elta 0% og loks undanþegin starfsemi.

Almenna reglan er að allar vörur og þjónusta bera 25,5% virðisaukaskatt nema þær vörur og starfsemi sem sérstaklega eru undanþegnar í lögum um virðisaukaskatt. Dæmi um undanþegna starfsemi er t.d. farþegaflutningar, heilbrigðis- og fjármálaþjónusta á meðan t.d. útflutningur ýmskonar ber 0% virðisaukaskatt og telst undanþegin velta.

Flókið skattkerfi hvetur til aukinnar villuhættu, eykur kostnað við eftirlit og stóreykur hættu á skattsvikum og undanskotum. En vara og þjónusta getur með réttu borið virðisaukaskatt á einum stað meðan að sama vara og/eða þjónusta er seld án virðisaukaskatts á öðrum stað.

Hver hefur ekki velt fyrir sér spurningunni hversvegna Kaffi Americano er í 7% en Írski kaffi er í 25,5% þrepinu? Er listilega framreiddur Mojito listaverk í þeim skilningi og lendir því í hvaða skattþrepi?

Húsaleiga atvinnuhúsnæðis getur ýmist verið með virðisaukaskatti eða án og ekki er á færi leikmanna að vita hvort svokölluð virðisaukaskattkvöð hvílir á

viðkomandi húsnæði eða ekki – hvað þá heldur hversu há hún er.

Ráðgjöf ýmskonar ber virðisaukaskatt en ef sambærileg og samkynja ráðgjöf er veitt af aðilum sem teljast vera svokallaðir „2.gr aðilar“, t.d. bankar og fjármálaþjónusta, þá eru dæmi þess að slík þóknun hafi verið seld án virðisaukaskatts á þeim forsendum að um fjármálaþjónustu sé að ræða, ekki ráðgjöf.

Listamenn og menningarstarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti þótt því hafi verið haldið fram að í hljómsveitum séu allir aðilar undanþegnir virðisaukaskatti nema trommarinn sem sé iðnaðarmaður og beri því virðisaukaskatt. Að jafnaði er skilvirkara skatteftirlit með virðisaukaskattskyldri starfsemi frekar en undanþeginni. Aðilar í virðisaukaskattsskýrslum á tveggja mánaða fresti og mynda þau skil oft ramma utan um starfsemi viðkomandi og í flestum tilfellum er hægt að segja til um ýmsa þætti rekstrarins með því að skoða skil virðisaukaskatts í ýmsu samhengi. Þessu er ekki til að dreifa á sama hátt hjá undanþegnum aðilum.

Ferðaþjónusta er skilgreind sem undanþegin starfsemi. Ástæðan fyrir því er að í 2.gr laga um virðisaukaskatt er sérstaklega tilgreint að fólksflutningar séu undanþegnir virðisaukaskatti. Sem dæmi má nefna að þjónusta sjálfstæðra leiðsögumanna er að fullu skattskyld á meðan t.d. skipulögð hestaferð með leiðsögn er undanþegin en til þess að flækja málin frekar má t.d. geta þess að hestaleiga sem slík er virðisaukaskattskyld.

Flókið skattkerfi hvetur til undanskota og benda nýlegar skýrslur til þess að undanskot skatts í ferðaþjónustu gætu verið umtalsverð. Upptaka virðisaukaskatts á ferðaþjónustu hvernig svo sem hún er skilgreind bæði bætir skil og ímynd atvinnugreinarinnar auk þess sem samkeppnisstaða aðila verður jöfnuð. Það er óþolandi fyrir aðila í ferðaþjónustu og fólksflutningum sem eru með bókhald sitt og skil á hreinu gagnvart samfélaginu, að vera í sífelldri samkeppni við svarta atvinnustarfsemi þar sem litlum sem engum gjöldum er skilað. Upptaka virðisaukaskatts í þessum geira mundi koma á skilvirkara eftirliti auk þess sem að hliðaráhrif af þessu yrðu að aðilar gætu ekki lengur komist hjá því að skila t.d. inn lögbundnum launatengdum gjöldum af launþegum sínum þar sem innbyggðu eftirliti með virðisaukaskatti væri komið á.

Það er löngu tímabært að bæta virðisaukaskattkerfið, breikka skattstofninn, einfalda kerfið og fækka þrepum og undanþágum. Ákvörðun virðisaukaskattlutfallsins sem slíks er vafalaust hægt að rökræða endalaust og læt ég aðra um það verkefni.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 19. júní 2014 bls. 12.